

**Fundargerð 144. fundar stjórnar Fræðslusjóðs
Þriðjudaginn 2. september 2025 kl. 13:00 - 14:30.
Fundurinn var fjarfundur.**

Mætt: Inga Dóra Halldórsdóttir formaður, Hulda Anna Arnljótsdóttir, Bergþóra Hrönn Guðjónsdóttir, Eyrún Björk Valsdóttir, Helga Kristín Kolbeins., Maj-Britt Hjördís Briem, Karl Rúnar Þórsson.

Gestur: Guðrún Erla Ö. Ólafsdóttir, sérfræðingur hjá FA

Frá FA: Hildur Betty Kristjánsdóttir, Björn Garðarsson

DAGSKRÁ

1. Fundargerð síðasta fundar.

Afgreiðsla: Fundargerðin hefur verið samþykkt og send fundarmönnum til rafrænnar undirritunar.

2. Viðbótarúthlutun

Samtals var úthlutað 136.643.000 og var eftirfarandi viðbótarúthlutun samþykkt:

Fræðsluaðilar	Námskrár	Ráðgjöf	Raunfærnimat
Mímir-símenntun	40,500,000	2,970,000	3,000,000
Framvegis	5,400,000	675,000	2,000,000
Starfsmennt	-	-	-
IDAN	-	-	-
Rafmennt	-	-	-
Samt. höfuðb.svæðið	45,900,000	3,645,000	5,000,000
Símenntun Vesturlandi	-	-	-
Fræðslumst. Vestfj.	-	-	-
Farskólinn NV-landi	9,000,000	540,000	-
SÍMEY	14,400,000	-	-
Þekkingarn. Þingeyinga	7,200,000	2,160,000	-
Austurbrú	1,620,000	-	-
Fræðslunet Suðurlands	6,300,000	-	-
Viska Vestmannaeyjum	3,798,000	-	-
MSS	36,000,000	1,080,000	-
Samt. landsbyggðin	78,318,000	3,780,000	-
Samtals allt	124,218,000	7,425,000	5,000,000

Umræða var um að mikilvægt væri að endurskoða úthlutunarlíkanið og skoða samhliða úthlutunarreglur sjóðsins og hvort ástæða sé til að sjóðurinn taki sér virkara hlutverk við stýringu og forgangsroðun fjármagns.

Þá var minnt á að fræðsluaðilar virtu skilmála Fræðslusjóðs um hópastærðir í námi.

3. Hvað er kennt, hvar og hverjum? Framkvæmd hjá fræðsluaðilum og samsetning hópsins - Guðrún Erla, sérfræðingur hjá FA

Sjá glærukynningu í fundargögnum.

4. Önnur mál

- a. *Draumastaðan. Svör fræðsluaðila við spurningu stjórnar um áskoranir sem ekki næst að mæta.*

Svör hafa borist frá átta fræðsluaðilum, en enn er beðið eftir svörum frá sex fræðsluaðilum. Starfsfólk FA vinnur samantekt og kynnir á næsta stjórnarfundi.

- b. *Hagstofan og markhópurinn*

FA sendi erindi til Hagstofunnar þann 18. ágúst s.l. þar sem óskað var eftir sérkeyrslu til að áætla stærð markhóps framhaldsfræðslunnar eftir starfssvæðum samstarfsaðila sjóðsins.

Svar barst þann 25. ágúst. Í svarinu segir: „*Hagstofan hefur verið að undirbúa birtingu á hæstu menntun þjóðarinnar með mörgum af þeim breytum sem þú ert að biðja um. Tölurnar munu koma úr sk. menntunarskrá, sem er skrá yfir hæstu menntun íbúa, og býður því upp á mun meira niðurbrot en hægt er að birta skv. þeim tölum um menntunarstöðu sem eru núna á vef Hagstofunnar úr vinnumarkaðsrannsókninni.*

Á meðan þessi vinna er í gangi sjáum við okkur því miður ekki fært að vinna sérvinnslu úr þessum gögnum.

Það er ekki komið á hreint hvenær þessar tölur verða birtar á vef Hagstofunnar.“

Afgreiðsla: FA fylgi svarinu eftir fyrir lok september og kanni hvort tölurnar hafi verið birtar, eða hvort tímasetning birtingar liggi fyrir.